

6. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi

Þriðjudaginn 21. október 2025 kl 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir

1. Framkvæmdir síðan síðast.

- ✓ Gunna sagði að það væri lítið búið að gerast síðan síðast.
- ✓ Gluggar væru komnir fyrir Bláa salinn en eftir að setja þá í.
- ✓ Búið að laga rifu á þakinu og vonumst við til að það hætti að leka á kvennaklósettinu
- ✓ Höfðum samband við Ragnar tæknifræðing og sagði hann að það væri búið að mæla gluggana í kaffisalnum en ekki búið að panta sem við erum mjög ósátt við (sjá myndir sem fylgja með)

2. Útidyrhurð í Bláa sal

- ✓ Hún er til og okkur langar að vita hvenær það stendur til að skipta um hana því að þar er glugginn á salerninu ónýtur og er hann partur af þessu rými.

3. Önnur mál

- ✓ Ágæt leiga er á húsinu og er kaffisalurinn vinsælastur
- ✓ Vírinn í tjöldunum er orðinn ónýtur og þarf að skipta um hann
- ✓ Þarf að skoða betur aðgengi fyrir fatlaða og athuga hvort að það væri möguleiki að setja rennihurð þar sem aðalinngangurinn er.
- ✓ Gunna ætlar að athuga hvað kostar að yfirdekkja stólana í aðalsalnum og jafnvel fá félagasamtök til að aðstoða við að taka þá í sundur og setja aftur saman.

Fleira ekki gert fundi slitið kl 14:10

Sigrún Ólafsdóttir



Kaffisalur



WC Bláisalur